



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haust 2022

## GRTE1FA05 Grunnteikning 1

<b>Kennari</b>	<b>Svanur Ingvarsson</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>SI</b>
----------------	--------------------------	---------------	-----------

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist almenna undirstöðuþekkingu og þjálfun í teiknifræðum. Áfanginn skiptist í tvo megin efnisþætti. Í fyrsta efnisþætti er fjallað um fallmyndun og þeim seinni ásmyndun og fríhendingsteikningu. Í áfanganum er gert ráð fyrir að nemendur öðlist færni í meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda, myndrænni vinnu með viðfangsefni starfsgreina, lestur teikninga og fái grunnþjálfun í gerð vinnuteikninga og þrívíðra rissteikninga. Áfanginn er undirbúningur fyrir áframhaldandi nám í teiknifræðum og lestri vinnuteikninga.

**Undanfari:** Enginn

### Þekkingarviðmið:

**Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:**

- Teikniáhöldum og notkun þeirra
- Teiknitáknum og notkun þeirra
- Lestri teikninga

### Leikniviðmið:

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í:**

- Meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda
- Nákvæmni og vandvirkni
- Lestri teikninga
- Gerð grunnatriða vinnuteikninga
- Gerð fallmynda
- Gerð ásmynda
- Gerð þrívíðra rissteikninga

**Hæfniviðmið:**

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Velja teikniáhöld, línugerð og tákn til að vinna fallmyndir og þrívíðar myndir samkvæmt fyrirmælum, bæði með teikniáhöldum og fríhendis.

**Námsefni:**

**Grunnteikning 1** (mappa með teikniverkefnum og skýringum)

T-reglustrika – 40 cm.

Teiknihorn – 45° og 60°

Sirkill

Gráðubogi

Blýantar eða blýpennar 0,5 mm eða 2 mm. 2H og 4H

Línuveiðari

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

Merkið hverja teikningu með nafni og dagsetningu með penna. Að því loknu kvittar kennari í viðkomandi reit neðst á hverri teikningu.

Áður en byrjað er á verkefnum og jafnhliða því sem þau eru unnin, er áriðandi að kynna sér skýringarnar sem eru á undan verkefnunum.

<b>Vika</b>	<b>GRTE1FA05 – Verkefni haust 2022</b>
	Skila skal vikuskammti í lok hvernar viku, eða í seinasta lagi á þriðjudag í næstu viku á eftir
1. vika 17.- 19. ágúst	<b>Kynning</b>
2. vika 22.- 26. ágúst	Verkefni: 1-2-3-4-5-6-7-8 <b>Fallmyndun</b>
3. vika 29.- 2 sept	Verkefni : 9-10-11-12-13-14-15 <b>Skilaverkefni 1 - nr. 11</b>
4. vika 5.- 9. sept	Verkefni : 16-17-18-19-20-21-22
5. vika 12.- 16. sept	Verkefni: 23-24-25-26-27-28-29

6. vika 19.-23. sept	Verkefni: 30-31-32-33 34-35-36-40
7. vika 26.- 30. sept	Verkefni: 41-42-43-44-45-46-47-48 <b>Skilaverkefni 2 - nr. 51</b>
8. vika 3.- 7. okt	Verkefni: 49-50-51-52-53-54-55-56
9. vika 10.- 14. okt	Verkefni: 57-58-59-60 <b>Miðannarmat, áfangamessa, haustfrí</b>
10. vika 17.- 21. okt	Verkefni: 61-62-64-65-66-67-68-69 <b>Valdagur 19. okt</b>
11. vika 24.- 28. okt	Verkefni: 70-71-72-73-74-75-76
12. vika 31.- 4. nóv	Verkefni: 77A-78B-79-80-81-82-83 <b>Skilaverkefni 3 - nr. 81</b>
13. vika 7.- 11. nóv	<b>Ásmyndun og fríhendisteiknin</b> Verkefni: 1-2-3-4-5
14. vika 14.-18. nóv	Verkefni: 6-7-8-9 <b>Skilaverkefni 4 - nr. 9</b>
15. vika 21.- 25. nóv	Verkefni: 10-11-12-13-14
16. vika 28.- 2. des	Verkefni: 15-16-17-18 - 19 <b>Skilaverkefni 5 - nr. 19</b>
17. vika 5.- 9. des	Verkefni: 20-21-22-23 <b>Síðasti kennsludagur 6. des., námsmat</b>
18. vika 12.-16. des	<b>Námsmat, Sjúkrapróf 14. des, birting námsmats 15. des</b>
19. vika 19.- 21. des	<b>Úrvinnsla, brautskráning mið. 21. des</b>
20. vika xx.-xx. xxx	

### Sérreglur áfangans:

Til að standast áfangann þarf nemandi að hafa skilað öllum skilaverkefnum og lokið a.m.k. 80% af hverjum vikuskammti verkefna möppunnar og kennari samþykkt þau.

**Fyrirkomulag námsmats:** (nákvæmni og vandvirkni vegur þungt)

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Mappa	Símat á öllum tilskyldum verkefnum möppunnar	50%
Skilaverkefni	Skilaverkefni og/eða próf af og til alla önnina	50%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar**

FSu 17. ágúst 2022

Svanur Ingvarsson